



Jafnrétti í skólum

Það læra börnin sem fyrir þeim er haft



Félags- og tryggingamálaráðuneytið
Jafnréttisstofa
Jafnréttisráð
Hafnarfjarðarbær
Reykjavíkurborg
Akureyrarbær
Kópavogsbær
Mosfellsbær

<http://jafnretti.felagsmalaraduneyti.is/>

17. september 2008

Inngangur

Kynbundið náms- og starfsval er samfélagslegt vandamál sem hindrar bestu nýtingu mannauðsins og dregur úr fjölbreytni og sveigjanleika vinnumarkaðarins. Ýmsar rannsóknir benda til að kynjaskiptur vinnumarkaður sé hindrun í vegi fyrir jafnri stöðu karla og kvenna. Þess vegna er mikilvægt að sjónum sé í auknum mæli beint að börnum og ungmennum þegar unnið er að jafnréttismálum.

Kynbundið náms- og starfsval hindrar einstaklinga í að takast á við það nám og starf sem þeir hafa áhuga á og hæfileika til. Það getur leitt til þess að allar leiðir eru ekki íhugaðar og sumar leiðir eru fyrirfram útilokaðar því þær eru ekki taldar hæfa viðkomandi kyni. Íslenska menntakerfið og vinnumarkaðurinn eru mjög kynjaskipt. Þetta hefur í för með sér:

- Að kynið verður afgerandi þáttur í vali á menntun og störfum frekar en hæfileikar og langanir.
- Að margir karlar og margar konur vinna eingöngu með fólki af sama kyni.
- Að reynsla, þekking og hæfileikar beggja kynja nýtast ekki til fulls á öllum sviðum.
- Að munur er á atvinnutekjum karla og kvenna.
- Að offramboð er á starfsfólki á einu sviði á sama tíma og atvinnuleysi ríkir á öðru sviði.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Jafnréttisstofa, Jafnréttisráð, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbær, Akureyrarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær og fleiri sveitarfélög vilja leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að ungt fólk fái tækifæri til að ákvarða framtíð sína og geti valið sér nám og störf óháð kyni. Þessir aðilar hafa unnið að undirbúningi verkefnis sem miðar að því að auka og efla jafnréttis- og kynjasjónarmið í skólastarfi, þ.e. í leikskólum og grunnskólum. Stýrihópur sem í eiga sæti fulltrúar frá ofangreindum aðilum hefur séð um undirbúning og skipulag verkefnisins. Verkefnið er nú að komast á framkvæmdastig með ráðningu Arnfríðar Aðalsteinsdóttur sem verkefnisstjóra til eins árs. Arnfríður hefur aðsetur á Jafnréttisstofu, Borgum v/ Norðurslóð, 600 Akureyri, sími 460-6200 – arnfridur@jafnretti.is / www.jafnrettiiskolum.is

Mikilvægi verkefnis

Nýlegar rannsóknir hafa leitt í ljós mikilvægi þess að efla fræðslu og umræðu um jafnréttismál meðal ungs fólks. Hér eru dæmi um nokkrar rannsóknir sem varpa ljósi á viðhorf ungs fólks til jafnréttismála:

- **Samtök atvinnulífsins 2007:**

Hvað ætlaðu að verða? – Hugmyndir 15 ára ungmenna um framtíðarstarf. Rætt var við 15 ára ungmenni árin 2000, 2003 og 2006. Niðurstöður rannsóknarinnar endurspeglar viðhorf þess fólks sem verður ráðandi í íslensku þjóðfélagi á árunum 2030–2050 og bendir fátt til þess að kynbundið starfsval sé á undanhaldi.

<http://sa.is/frettir/almennar/nr/3821/>

- **Könnun Jafnréttisráðs 2007:**

Viðhorf ungmenna til starfa og launa.

Í mars og apríl 2007 kannaði Capacent Gallup fyrir Jafnréttisráð hver væru viðhorf íslenskra ungmenna (18–23 ára) til starfa og launa. Meðal þess sem könnunin leiðir í ljós er að í átta tilfellum af tíu reikna karlar með hærri launum fyrir viðkomandi starf en konur.

http://jafnrettisrad.jafnretti.is/D10/_Files/Vidhorfskonnun2007.pdf

- **Háskólinn í Reykjavík 2007:**

Rannsókn á útskýrðum launamuni kynjanna.

Í þessari rannsókn var kannað viðhorf stjórnenda og starfsmanna til þess sem teljast má sanngjörn laun og athugað hversu kynbundið viðhorfið er. Það sem kom meðal annars fram í rannsókninni er að konur bjóða körlum hærri laun en konum og karlar bjóða kynbræðrum sínum ennþá hærri laun.

<http://hr.is/?PageID=65&NewsID=1622>

- **Auður Magnús Leiknisdóttir 2005:**

Bráðum kemur betri tíð - Um viðhorf til jafnréttismála í upphafi 21. aldar. (B.A.-ritgerð)

Í þessari rannsókn er komist að þeirri niðurstöðu að það sé síður en svo ástæða til mikillar bjartsýni hvað snertir framþróun jafnréttismála. Unga kynslóðin er neikvæðari til jafnréttismála en sú í miðið, karlar eru afturhaldssamari en konur og viðhorf atvinnurekenda gefa til kynna að margt sé óunnið í þessum málaflokki.

- **Andrea Hjálmsdóttir 2007:**

Eru þau með jafnrétti í farteskinu? - Viðhorf nemenda í 10. bekk til jafnréttis kynjanna. (B.A.-ritgerð)

Viðhorf 10. bekkinga árin 1992 og 2006 til jafnréttismála eru borin saman. Niðurstöður þessarar rannsóknar styðja það sem komið hefur fram í öðrum rannsóknum, að yngri kynslóðir hafa almennt neikvæðara viðhorf til jafnréttis en þær sem eldri eru og þá sérstaklega með tilliti til verkaskiptinga á heimilum.

Markmið verkefnis

Jafnréttisfræðsla í leikskólum og grunnskólum er mikilvægt verkefni í jafnréttisbaráttunni. Með markvissri fræðslu og umræðu frá upphafi skólagöngu er hægt að gefa ungu fólki tækifæri til að taka ákvarðanir varðandi framtíð sína óháð kyni. Jafnframt styður fræðsla í jafnréttismálum við málaflokkinn þegar litið er til framtíðar. Meginmarkmið verkefnisins eru eftirfarandi:

- Að efla jafnréttisfræðslu.
- Að samþætta kynjasjónarmið í kennslu.
- Að auka samvinnu *milli* sveitarfélaga um jafnréttismál á sviði skólamála.
- Að auka samvinnu *innan* sveitarfélags um jafnréttismál almennt.
- Að auka upplýsingaflæði um jafnréttisfræðslu.
- Að búa til vettvang þar sem miðlað er af reynslu svo aðrir geti unnið eftir því sem vel tekst til með.

Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar að hanna vefsíðu þar sem upplýsingar um jafnréttisfræðslu verða aðgengilegar, auk upplýsinga um verkefni sem nota má í skólastarfi. Hins vegar að fá grunnskóla og leikskóla til að sinna tilraunaverkefnum á sviði jafnréttismála og að nota vefsíðuna til kynningar á þeim. Á síðunni verður hægt að fylgjast með hvernig verkefnin ganga, læra af þeim og koma með ábendingar. Vefsíðan verður byggð upp með það í huga að hún gagnist kennurum, nemendum, námsráðgjöfum sem og foreldrum.

Vefsíðan

Vefsíðunni er ætlað að vera liður í þeirri viðleitni að opna dyr og fjarlægja þröskulda í þessu efni og stuðla að auknu jafnrétti í nútíð og framtíð. Vel heppnuð vefsíða með hagnýtu jafnt sem fræðilegu efni getur aðstoðað skólafólk við að innleiða nýjar hugmyndir og samþætta jafnréttissjónarmið í skólastarfi á öllum skólastigum. Vefsíða sem þessi verður aðgengilegur gagnabanki fyrir kennara, nemendur, námsráðgjafa og foreldra til að fræðast og fræða um jafnrétti í námi og starfi.

Nú þegar hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið sett upp vefsíðu sem ber heitið „Jöfn framtíð fyrir stráka og stelpur“. Vefsíðan var upphaflega unnin af jafnréttisráðuneyti Dana fyrir ungmenni, foreldra, kennara og námsráðgjafa með það að markmiði að auðvelda ungmönnum að velja sér nám og starf í samræmi við raunverulegan áhuga fremur en á grundvelli kyns. Mun þessi síða verða ein af undirsíðum á vefsíðu verkefnisins. Þessa síðu má skoða á veffanginu <http://jafnretti.felagsmalaraduneyti.is/>

Á vefsíðu verkefnisins verða upplýsingar um efni sem til er um jafnréttismál í skólum og hlekkir á efnið þegar því verður við komið að fengnu leyfi höfunda. Einnig er ætlunin að birta greinar eftir sérfræðinga á sviði jafnréttismála. Með síðunni er hægt að tryggja meginmarkmið verkefnisins, auk þess að vinna að eftirfarandi atriðum:

- Auka upplýsingaflæði um jafnréttisfræðslu/samþættingu í skólum.
- Bæta jafnréttisstarf innan skólanna, bæði meðal kennara, nemenda og ráðgjafa.
- Efla samstarf í jafnréttismálum.
- Setja á fót tilraunaverkefni, bæði í leikskólum og grunnskólum.
- Stofna hugmyndabanka þar sem meðal annars tilraunaverkefnin verða kynnt ásamt niðurstöðum.

Tilgangurinn er að foreldrar, kennarar og námsráðgjafar sem eiga að ráðleggja ungmönnum varðandi menntun og störf geti hér fundið efni til umhugsunar og innblásturs til góðra starfa í jafnréttismálum.

Framkvæmd, mat og kynning

Þátttöku sveitarfélögin hafa tilnefnt leikskóla og grunnskóla sem tilraunaskóla í sínum sveitarfélögum og eru skólarnir farnir að huga að tilraunaverkefnum sem unnin verða næsta skólaár. Á Akureyri eru tilraunaskólarnir Lundarskóli og Lundarsel, Lækjarskóli og Hörðuvellir í Hafnarfirði, Vogaskóli og Múlaborg í Reykjavík, Kópavogsbær hefur tilnefnt Hörðuvallaskóla og Smárahvamm og tilraunaskólarnir í Mosfellsbæ eru Varmárskóli og Reykjakot.

Mat á verkefninu verður tvískipt líkt og verkefnið sjálft. Annars vegar fer matið fram í samvinnu við tilraunaskólana en þeir skrifa skýrslu um framkvæmd og framgang verkefnisins. Niðurstaða þeirra mun gefa glögga mynd af því hvernig, hvar og hvort árangur hafi náðst. Viðhorf nemenda verða mæld við upphaf og lok tilraunaverkefnanna auk þess sem verkefnið í heild verður metið. Rannsóknar- og þróunarsmiðstöð Háskólans á Akureyri sér um matið. Mat á vefsíðunni verður mælanlegt með fjölda heimsókna og greiningu á þeim gögnum og gagnamagni sem sótt er á síðuna.

Kynning á verkefninu mun fara fram í samvinnu við samstarfsaðila og tilraunaskóla. Við opnun vefsíðunnar verður send kynning á henni og notkunarmöguleikum til allra leikskóla og grunnskóla í landinu og verður þeim einnig gert mögulegt að leggja til efni í hugmyndabanka síðunnar. Skólar verða hvattir til að senda kynningu á efninu gegnum sitt net til foreldra. Að loknu starfsári verkefnisstjóra mun stýrihópur taka við síðunni til viðhalds og uppfærslu og verður þá lagt mat á næstu skref.

Vefsíðan var opnuð 17. september s.l. á öðrum vinnufundi verkefnisins sem haldinn var í Vogaskóla í Reykjavík. Þar hittust fulltrúar þáttökuskólanna og kynntu tilraunaverkefni sín.

<http://jafnrettiiskolum.is/>

Næstu skref

Stýrihópur verkefnisins hefur unnið að undirbúningi verkefnisins og hafa samstarfsaðilar og tilraunaskólar í sveitarfélögunum verið valdir. Búið er að ráða verkefnisstjóra í fullt starf frá 1. apríl 2008 til eins árs og mun hann hafa umsjón með verkefninu. Starfssvið verkefnisstjóra er að vera tengiliður við tilraunaskólana og hafa umsjón með vefsíðu verkefnisins.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Jafnréttisstofa, Jafnréttisráð, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Akureyrarbær hafa ákveðið að taka þátt í verkefninu og styrkja það með fjárframlögum. Nú þegar hafa menntamálaráðuneytið, Þróunarsjóður grunnskóla og fleiri aðilar samþykkt að styrkja verkefnið og verið er að leita leiða til að tryggja aukið fjármagn til verkefnisins og að finna fleiri samstarfsaðila.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Háskólann á Akureyri, er í forystu faghóps sem í eiga sæti Björk Óttarsdóttir, skólastjóri í leikskólanum Núpi í Kópavogi sem fulltrúi Félags leikskólakennara, Kristín Helgadóttir kennari í Álftanesskóla í Bessastaðahreppi sem fulltrúi Félags grunnskólakennara og Ragnheiður Bóasdóttir sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu sem fulltrúi Félags náms- og starfsráðgjafa. Faghópurinn mun veita tilraunaskólum, stýrihópi, verkefnisstjóra og öðrum sem að verkefninu koma faglegan stuðning og ráðleggingar.

Fyrsti vinnufundur verkefnisins var fimmtudaginn 22. maí í Lækjarskóla í Hafnarfirði. Í lok fundarins undirritaði Jóhanna Sigurðardóttir félags- og tryggingamálaráðherra, Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra, Ólafur F. Magnússon borgarstjóri í Reykjavík, Lúðvík Geirsson bæjarstjóri í Hafnarfirði, Jóhanna B. Magnúsdóttir, formaður fjölskyldunefndar í Mosfellsbæ, Katrín Björg Ríkarðsdóttir framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar og Árni Þór Hilmarsson, framkvæmdastjóri fræðslusviðs Kópavogsbæjar samstarfssamning um þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum. Undirritunin fór fram á leikskólanum Hörðuvöllum í Hafnarfirði.

Tengiliðir og tilraunaskólar

Verkefnisstjóri

Verkefnisstjóri verkefnisins er Arnfríður Aðalsteinsdóttir og veitir hún fúslega upplýsingar um verkefnið og tekur við ábendingum.

Arnfríður Aðalsteinsdóttir
Jafnréttisstofa, Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri
sími 460-6200 / gsm 899-3480
arnfridur@jafnretti.is
www.jafnrettiiskolum.is

Stýrihópur

Anna Jörgensdóttir	Hafnarfjarðarbæ	annaj@hafnarfjordur.is
Halldóra Gunnarsdóttir	Reykjavíkurborg	halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is
Hjálmar G. Sigmarsson	Jafnréttisstofa	hjalmar@jafnretti.is
Ingi Valur Jóhannsson	Félags- og tryggingamálaráðuneyti	ingi.v.johannsson@fel.stjr.is
Katrín Björg Ríkarðsdóttir	Akureyrarbæ	katrinb@akureyri.is
Kristín Ólafsdóttir	Kópavogur	kristinol@kopavogur.is

Faghópur

Björk Óttarsdóttir	Félag leikskólakennara	bjorko@kopavogur.is
Ingólfur Á. Jóhannesson	Háskólinn á Akureyri	ingo@unak.is
Kristín Helgadóttir	Félag grunnskólakennara	kristin.helgadottir@alftanesskoli.is
Ragnheiður Bóasdóttir	Félag náms- og starfsráðgjafa	ragnheidur.boasdottir@mrn.stjr.is

Tilraunaskólar

Akureyri	Grunnskóli Leikskóli	Lundarskóli Lundarsel	Þórhildur H. Þorleifsdóttir skólastjóri Anna Þórunn Hjálmarsdóttir skólastjóri
Hafnarfjörður	Grunnskóli Leikskóli	Lækjarskóli Hörðuvellir	Haraldur Haraldsson skólastjóri María Kristjánsdóttir skólastjóri
Kópavogur	Grunnskóli Leikskóli	Hörðuvallaskóli Smárahvammur	Helgi Halldórsson skólastjóri Maríanna Einarsdóttir skólastjóri
Reykjavík	Grunnskóli Leikskóli	Vogaskóli Múlaborg	Jónína Emilsdóttir skólastjóri Rebekka Jónsdóttir skólastjóri
Mosfellsbær	Grunnskóli Leikskóli	Varmárskóli Reykjakot	G. Þórhildur Elfarsdóttir skólastjóri Þóranna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri Gyða Vigfúsdóttir skólastjóri

Styrktaraðilar og tenglar

Styrktaraðilar

Sparisjóður Norðurlands

Samtök atvinnulífsins

Landsvirkjun

Glitnir

Áhugaverðir tenglar

<http://jafnretti.felagsmalaraduneyti.is/>

http://www.lige.dk/koensroller_i_boernehaver.asp

http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Ny_uppeldisfraedi.pdf

[http://www.vr.is/index.aspx?groupid=207&tabid=208&NewsItemID=10189&ModulesTa
bsId=2825](http://www.vr.is/index.aspx?groupid=207&tabid=208&NewsItemID=10189&ModulesTabsId=2825)

<http://www.kajsawahlstrom.se/>